

## 83. stjórnarfundur Austurbrúar, haldinn þriðjudaginn 30. jan. 2018.

### Fundargerð

#### Fundurinn haldinn á Vonarlandi á Egilsstöðum og hófst kl. 15:00.

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar á staðinn: Sigrún Blöndal (SB), Gauti Jóhannesson (GJ), Sveinn Jónsson (SJ), Sæunn Stefánsdóttir (SS).

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar í síma: Jón Björn Hákonarson (JBH).

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÞ) sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins: Skúli Björn Gunnarsson, formaður starfsháttanefndar

#### Dagskrá:

1. Staðfesting fundargerðar nr. 82
2. Ársfundur Austurbrúar
3. Fundargerð stjórnar SSA
4. Skipun í stjórn Gunnarsstofnunar
5. Erindi ferðamálastjóra vegna samninga við markaðsstofur
6. Verkefnaráð kröflulínu 3,
7. Önnur mál

Formaður stjórnar Austurbrúar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Staðfesting fundargerðar nr. 82

Stjórn staðfestir fundargerð nr. 82.

### 2. Ársfundur Austurbrúar

Skúli Björn Gunnarsson formaður starfsháttanefndar mætti til fundarins og fór yfir verklag starfsháttanefndar við undirbúning ársfundar.

Stjórn dagsetur ársfund Austurbrúar þann 20. mars nk. og mun ársfundurinn verða á Breiðdalsvík. Framkvæmdastjóra er falið að undirbúa ársfundinn í samræmi við umræðu á fundinum. Í tengslum við ársfundinn er ákveðið að stefna að málþingi um menntamál og verður menntamálaráðherra boðið að taka þátt í málþinginu.

Framkvæmdastjóra í samráði við stjórnendateymi er falið að koma með tillögu að uppsetningu málþings á næsta fund stjórnar.

*Skuli Björn Gunnarsson vék af fundi að loknum þessum lið*

### 3. Fundargerð stjórnar SSA

Fundargerð stjórnar frá 22. janúar 2018 er lögð fram til kynningar.

Stjórn felur framkvæmdastjóra og formanni stjórnar að funda með bæjarstjóra Seyðisfjarðarkaupstaðar í tengslum við samning um Miðstöð Menningarfræða.

### 4. Skipun í stjórn Gunnarsstofnunar

Stjórn Austurbrúar skipar Sigríði Sigmundsdóttur aðalmann í stjórn Gunnarsstofnunar til næstu þriggja ára og Björgu Björnsdóttur sem hennar varamann.

### 5. Erindi ferðamálastjóra vegna samninga við markaðsstofur

Stjórn felur framkvæmdastjóra að boða ferðamálastjóra á fund stjórnar þann 27. febrúar nk. til að ræða samningamál stofnunarinnar.

## 6. Verkefnaráð vegna Kröflulínu 3

Stjórn Austurbrúar hafnar því að ekki sé greitt fyrir nefndarsetu þátttakenda í verkefnaráði um Kröflulínu 3 eins og Landsnet hefur boðað. Mun stofnunin draga sig út úr þátttöku í verkefnaráðinu af þessum sökum. Stjórn hagnar það að starfshópurinn hafi verið settur af stað að þessari forsendu ófrágenginni af hálfu Landsnets. Framkvæmdastjóra er falið að koma þessari niðurstöðu til Landsnets sem og annarra aðila innan verkefnaráðsins.

## 7. Önnur mál

- Framkvæmdastjóri fór yfir málefni tengt því að aðsetur verkefnastjóra HáAust verði hjá Austurbrú. Stjórn felur framkvæmdastjóra samskipti í málinu á grundvelli umræðna á fundinum.
- Formanni stjórnar er falið að skoða starfskjör stjórnenda hjá Austurbrú fyrir næsta fund.

Næsti fundur stjórnar verður þann 27. febrúar 2018 á Reyðarfirði kl. 14.00-16:00. Fundi slitið kl. 17:00

\_\_\_\_\_  
Jón Björn Hákonarson

\_\_\_\_\_  
Sigrún Blöndal

\_\_\_\_\_  
Sveinn Jónsson

\_\_\_\_\_  
Gauti Jóhannesson

\_\_\_\_\_  
Sæunn Stefánsdóttir